

51. Viðidalsvegur (eystri) frá Viðidalsárbrú (fremri) hjá Hvarfi að Hrappstöðum.
52. Hlíðarvegur, af Viðidalsvegi nálægt Kolugili, um brú á Viðidalsá um Bakka að Litluhlíð.
53. Ásgeirsárvegur (Viðidalsvegur eystri), af Norðurlandsvegi hjá Lækjarmótum, um Ásgeirsá á Viðidalsveg (eystri) hjá Hvarfi.

Vegir, sem eru heim á einstaka bæi, skulu þó ekki teljast sýsluvegir, lengra en svo, að eftir séu 300 metrar að bæ. Undantekningar eru þó kirkjustaðir og prestsetur.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykkt nr. 11 27. janúar 1954 og samþykkt nr. 52 31. maí 1958, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 4 19. janúar 1949.

*Samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1963.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 94 31. maí 1951, sbr. samþykkt nr. 51 31. maí 1958, um breytingu á þeirri samþykkt og samþykkt nr. 90 30. júní 1962, um sama efni.

## 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar breytist þannig:

- a. Í I. fl., aftan við 11. tölulið, bætist við:
  - Grafarvegur, af Úthéraðsvegi að Gröf.
  - Finnsstaðavegur, af Úthéraðsvegi að Finnsstöðum.
- b. Í II. fl., aftan við 5. tölulið, bætist við:
  - Höfðahúsavegur, af Þjóðvegi að Höfðahúsum.
- c. Í I. fl., aftan við 8. tölulið, bætist við:
  - Uppsálavegur, af Þjóðvegi að Uppsölum.
  - Fossgerðisvegur, af Þjóðvegi að Fossgerði.
- d. Í II. fl., aftan við 10. tölulið, bætist við:
  - Þingmúlavegur, af Þjóðvegi að Þingmúla.
- e. Úr 8. tölulið II. fl. fellur niður:
  - Grafarvegur, af Úthéraðsvegi að Gröf.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1963.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## FUNDARSKÖP

fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum.

„Fundarmenn“ tekur í fundarsköpum þessum til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

Auk bæjarfulltrúa á bæjarstjóri sæti á fundum bæjarstjórnarinnar með mál-frelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórnarfundir eru lögmætir, ef löglega er til þeirra boðað samkvæmt fundarsköpum og mættir eru 5 bæjarfulltrúar.

### 2. gr.

Í júnímánuði kýs bæjarstjórn á fyrsta reglulegum fundi eftir bæjarstjórnar-kosningar sér forseta og tvo varaforseta, alla úr hópi bæjarfulltrúa.

Sá er réttkjörinn forseti, sem fær meiri hluta atkvæða þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru. Nú fær enginn svo mörg atkvæði, og skal þá kjósa að nýju óbundinni kosningu. Ef enginn fær þá næga atkvæðatölu, skal kjósa um þá tvo, er flest atkvæði fengu, og ef tveir eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafn-mörg atkvæði, þá skal varpa hlutkesti um hverja skuli kjósa. Ef enn fær hvorugur þeirra meiri hluta, þá skal sá vera forseti, er fleiri atkvæði fær, en ef þeir fá jafn mörg atkvæði, ræður hlutkesti, hvor skuli vera forseti. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Þeir skulu gegna forsetastörfum, ef forseti forfallast eða hans missir við, unz kosinn er nýr forseti. Varaforsetarnir tveir skulu kosnir hlutbundinni kosningu, ef tveir bæjarfulltrúar óska þess.

### 3. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um, að allt fari reglulega fram, og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlíta úrskurðum hans um allt, er varðar fundarsköp. Úrskurði forseta má þó skjóta til úrlausnar bæjar-stjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

Ef enginn kjörinna forseta er mættur til bæjarstjórnarfundar, skal aldurs-forseti viðstaddra bæjarfulltrúa setja fund og stjórna honum, eða kosningu sér-staks fundarstjóra fyrir þann fund.

### 4. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr sínum hópi á sama fundi, sem forsetakosning fer fram. Skrifara skal kjósa hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þegar atkvæðagreiðsla fer fram og þegar kjósa skal nefndir